

FUNDARGERÐ	Tílefni funda Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki – Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Suðurlands		Síða 1
Dags. funda 3.11.20	Tími 16:00-17:00	Staður Fjarfundur á Teams	Nr. fundar
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Aron Geir Eggertsson		

Fundarmenn

Aron Geir Eggertsson (UST), Hákon Ásgeirsson (UST), Hildur Vésteinsdóttir (UST) Þórunn Pétursdóttir (NSS) Jón Kr. Arnarson (NSS), Ingibjörg Eiríksdóttir (NSS)

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) óskuðu eftir því við Umhverfisstofnun að haldinn yrði fundur til að fara yfir umsögn NSS varðandi tillögu að stjórnunar- og verndaráætlunin fyrir Friðland að Fjallabaki.

Hagsmunaaðilagreining

NSS telur notendum friðlandsins vera gert hærra undir höfði í hagsmunaaðilagreiningu heldur en náttúruverndarsamtökum. Jafnframt telja NSS á sér brotið að vera sett til hliðar að hafa ekki verið nefnd í upphaflegri hagsmunaaðilagreiningu á sambærilegan hátt og náttúruverndarsamtökin Eldvötn. NSS óskuðu eftir skýringu á þessu.

Umhverfisstofnun benti á að það hafi verið mistök hjá stofnuninni að NSS hafi ekki verið inn í hagsmunaaðilagreiningu og úr því hafi verið bætt. Hagsmunaaðilagreiningin hefur fyrirmynd sína frá hagsmunaaðilagreiningu Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem hún er nýtt á þann hátt að þeir sem nýta svæðið allt árið um kring og áætlunin hefur mikil áhrif á fá háa einkunn. Bent var á að mikilvægt er að fá nýtingaraðila að borðinu og ræða hvernig stjórnunar- og verndaráætlun hafi áhrif á þeirra starfsemi. Hagsmunaaðilagreiningin gengur út á að greina aðila sem áætlunin hefur bein áhrif og hversu mikil. Umhverfisstofnun hefur bætt NSS inn í hagsmunaaðilagreininguna og lagði til að samtökin fengju 9 stig sem þýðir að samtökin talin mikilvæg og fá almennt fundarboð. NSS taldi hins vegar að samtökin ættu að fá mun fleiri stig og taldi náttúruverndarsamtök vera að missa vægi í hagsmunaaðilagreiningu miðað við hve lág einkunn er gefin og að mikilvægt væri að styðja við þá sem tala með hagsmuni náttúrunnar að leiðarljósi og standa um hana vörð. Rætt var um forsendur fyrir röðuninni í hagsmunaaðilagreiningunni og hvernig Umhverfisstofnun nýtir kvarðann. Umhverfisstofnun benti á að mikilvægt sé að kalla þá aðila að borðinu sem nýta friðlandið með mismunandi hætti og það sé mikilvægt að sem mest sátt náist hjá þeim notendum svæðisins varðandi þær reglur sem kunna að verða settar.

Umhverfisstofnun mun fara yfir hagsmunaaðilagreininguna m.t.t. NSS og meta hvort ástæða sé til að endurskoða einkunnagjöf.

Sauðfjárbætur

Fulltrúar NSS gerðu athugasemdir við að ákvæðum varðandi sauðfjárbætur í friðlandinu væri ekki breytt. Í því sambandi voru gerðar athugasemdir við að vísað væri til landbótaáætlana sem gerðar hafa verið alvarlegar athugasemdir við (Ólafur Arnalds, í Riti Lbhí nr. 118, Á röngunni). Samtökin telja það veikja umræðu um stjórnunar- og verndaráætlunina með því að vísa í landbótaáætlanir sem eru ekki góðar og telja að vísa skuli í framangreint rit. Umhverfisstofnun benti á að einungis sé vísað í landbótaáætlanirnar sem eru í gildi og vinna bændur eftir þeim í samstarfi við Landgræðsluna. Engar athugasemdir bárust frá Landgræðslunni varðandi galla á landbótaáætlunum. Eftir að verkefnið Gróllind birti niðurstöður er nú einnig vísað í það í áætluninni. Umhverfisstofnun var ekki kunnugt um ritið sem vísað var til og mun kanna málið frekar.

NSS bentu á að beit hafi slæm áhrif á vistkerfin sem nú þegar eru alls ekki í góðu ástandi á mörgum stöðum innan friðlandsins. Samtökin hvöttu Umhverfisstofnun til að gera vistgetu landsins meiri skil við gerð stjórnunar- og verndaráætlana í framtíðinni. Jafnframt var bent á að ástand landsins geti verið slæmt þó vistgerðakort sýni annað. Umhverfisstofnun benti á að verkefnið nú væri að vinna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Inni í því væru ekki faldar breytingar á friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið. Nú er kveðið á um að bændur hafa rétt til hefðbundinnar nýtingar á friðlýsta svæðinu. Umhverfisstofnun mun

leggja til að ein aðgerð í aðgerðaáætlun verði endurskoðun friðlýsingarskilmála þar sem fjallað verður m.a. um fyrirkomulag beitar.

Fyrirkomulag ferðamennsku

NSS óskaði eftir upplýsingum um hvort standi til reyna að sporna gegn fjöldaferðamennsku.

Umhverfisstofnun benti á lagalegt gildi stjórnunar- og verndaráætlana og að skipulög ganga framár.

Áætlunin hefur því ekki áhrif á þau skipulög sem eru í gildi á svæðinu nú þegar. Hins vegar kemur fram í áætluninni að lagt er til að þau skipulög sem eru í gildi í friðlandinu verði tekin til endurskoðunar. Einnig kemur fram í áætluninni að áhersla skuli vera á að hlúa að þeim innviðum sem fyrir eru og uppbyggingu í tengslum við það, en ekki með það að markmiði að fjölga ferðamönnum á svæðinu.

Gönguleiðir

NSS vakti athygli á að sumar gönguleiðir sem merktar hafa verið á kort á svæðum eru ekki oft gengnar og eru viðkvæmar og hættulegar. Samtökin leggja til að leiðirnar séu ekki merktar á kort en að hægt væri að nálgast upplýsingar um leiðirnar á annan hátt en á útgefnu korti. Með þeim hætti væri hægt að upplýsa þá sem hyggjast ganga leiðirnar en þeir sem þekkja ekki til þeirra eru ekki hvattir til að ganga þær.

Umhverfisstofnun upplýsti að samráð hefði verið haft við helstu aðila sem hafa verið að ganga þessar leiðir með hópa. Þeir voru sammála um að þessar leiðir ættu að vera inni. Stofnunin benti einnig á að stundum verður skyndileg aukning ferðamanna á þessi svæði og þá er gott að búið sé að skilgreina stíga og undirbúa slíka fjölgun. Umhverfisstofnun mun taka til skoðunar merkingu gönguleiða á kort sem dreift er.

Önnur mál

Fjallahjólreiðar: NSS lýsti yfir áhyggjum sínum af umhverfisáhrifum sem geta orsakast af fjallahjólreiðum og þörf sé á að finna leið til að sporna gegn þeim. Umhverfisstofnun benti á að til að forsvaranlegt sé að setja takmarkanir á slíka umferð sé mikilvægt að til staðar sé rökstuðningur fyrir því. Í áætluninni er lagt til að hjólreiðar verði óheimilar á sumum leiðum þar sem sýnt hefur verið fram á að leiðir þoli ekki þá umferð.

Rallý: NSS benti á í umsögn sinni að rallý sem haldin hafa verið innan marka friðlandsins samræmast ekki þeim gildum sem friðlandið hefur verið látið standa fyrir. Umhverfisstofnun benti á að samkvæmt núgildandi friðlýsingarskilmálum eru viðburðir ekki leyfis skyldir nema í þeim felist mannvirkjagerð eða jarðrask. Rallý er því ekki leyfis skyld þegar heimilt er að aka á vegum friðlandsins. Í tillögum að sérreglur í áætluninni er gert ráð fyrir að viðburðir séu leyfisskildir þannig að þegar búið er að samþykkja áætlunina þá þarf að sækja um leyfi fyrir viðburðum og myndi rallý falla undir slíkt ákvæði.

Raflínur: NSS vakti máls á því hvort að Umhverfisstofnun óskaði eftir að Sigöldulínu 4 yrði færð í jörð. Umhverfisstofnun upplýsti að þessi kostur hefur verið borinn upp við fulltrúa Landsvirkjunar. Í því samtali kom fram að til að slíkt sé unnt þarf að steypa breiðan stökk í hraunið til að tryggja nægilega kælingu á línunni. Það þarf því að veða og meta kosti og galla þar sem umhverfisáhrif við slíka framkvæmd eru mikil og sérstaklega á svæði sem þakið er nútímahrauni á stórum kafla.

Fundið slitið 17:00